

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 17 24. janúar 1978, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan bæjarstjórn Garðabæjar ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 600 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðabær.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 600 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert leyfi sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 600 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. febrúar ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 13. janúar 1983.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Guðmundsson.*

## REGLUGERÐ

### um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra.

#### I. KAFLI

#### Búnaður lyfjabúða.

##### 1. gr.

#### Heiti lyfjabúðar og staðsetning.

- a. Lyfjabúð skal velja heiti, er ráðherra samþykkir. Lyfjabúð skal auðkenna heitinu á áberandi hátt.
- b. Nýstofnuð lyfjabúð skal vera innan þess svæðis, er tiltekið er í lyfsöluleyfi. Ráðherra samþykkir staðsetningu lyfjabúðar, að fengnum umsögnum Lyfjaeftirlits ríkisins, heilbrigðisyfirvalda staðarins og fagfélags lyfsala á viðkomandi lyfsölusvæði.